

Kæri viðskiptavinur.

Slys verða á heimilum, á vinnustað og í frístundum. Þá hjálpar slysaftryggingin þín. Engu skiptir hvar eða hvenær slýsið varð.

Grundvöllur samnings þíns eru þessir Almennu slysaftryggingarskilmálar (Allianz AUB 2014) og önnur ákvæði ef við höfum samið um þau við þig. Ásamt umsókninni og tryggingarskírteininu staðfesta þessir skilmálar hvað felst í tryggingu þinni. Þeir eru mikilvægt skjal.

Lestu því alla skilmálana Allianz AUB 2014 vandlega og geymdu þá vel.

Ef slys hefur orðið skaltu tilkynna okkur það eins fljótt og hægt er. Við ákveðum þá frekari aðgerðir með þér.

Tryggingarfélag komast ekki hjá því að nota fagorð. Þau eru ekki alltaf auðskiljanleg. Við viljum samt að þú skiljir tryggingaskilmálana vel. Þess vegna útskýrum við tiltekin faghugtök eða lýsum þeim með dæmum. Þegar við notum dæmi eru þau ekki endanleg.

Tryggingafélagið þitt,  
Allianz

## Hver er hver?

- Þú ert tryggingartaki okkar og þar með samningsaðili okkar.
- Hinn tryggði er hver sá sem þú hefur samið um tryggingarvernd fyrir við okkur. Það getur verið þú sjálf(ur) og aðrir einstaklingar.

---

## Efnisyfirlit

### A-hluti – Tryggingargreiðslur

Hér finnurðu sérstök ákvæði um einstakar greiðslur. Þú sérð sérstaklega hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilfellum bætur eru takmarkaðar eða útilokaðar. Jafnframt er lýst sérstökum hegðunarreglum sem þú verður að fylgja varðandi slysaftryggingu þína (einkum skyldum þínum). Frekari skyldur, sem þú þarft að sinna, finnurðu í B-hluta.

#### 1. Forsendur greiðslu og umfang greiðslu

- 1.1 Hvað er tryggt?
- 1.2 Hvaða tegundir bóta er hægt að semja um?  
Hvaða frestir og aðrar forsendur gilda um einstakar bótategundir?
  - 1.2.1 Örorkubætur
  - 1.2.2 Slysörorkubætur
  - 1.2.3 Bættar biðtímabætur
  - 1.2.4 Dagpeningar
  - 1.2.5 Sjúkrahúsdagpeningar
  - 1.2.6 Dánarbætur
  - 1.2.7 Kostnaður við lýtaaðgerðir
  - 1.2.8 Kostnaður við leitar- og björgunaraðgerðir

### 1.2.9 Fjölskyldubætur

#### 1.2.10 Iðgjaldslausn við fráfall tryggingartaka

## 2. Útilokun greiðslu og takmörkun greiðslu

2.1 Hvað gerist ef afleiðingar slyss blandast sjúkdómum eða heilsubrestum?

2.2 Hvað er ekki tryggt?

## 3. Skyldur þínar

3.1 Hvers ber að gæta eftir slys (skyldur)?

3.2 Hvaða réttaráhrif hefur það að uppfylla ekki skyldur?

## 4. Aðlögun tryggingarverndar í lok 18. eða 60. aldursárs og við breytingar á starfi

4.1 Hvers þarftu að gæta þegar samið var um barnataxta?

4.2 Hvers þarftu að gæta við lok. 60. aldursárs?

4.3 Hvers þarftu að gæta þegar breytt er um starf eða iðju?

## 5. Gjald dagar greiðslna okkar og endurmat örorkustigs

5.1 Hvenær falla greiðslur í gjalddaga?

5.2 Hvenær er hægt að endurmeta örorkuna?

## 6. Vaxandi aðlögun tryggingargreiðslna og iðgjalds

Hvernig eru greiðslur og iðgjöld aðlöguð (vöxtur)?

## 7. Önnur ákvæði

Hvernig er réttarstaða samningsaðila innbyrðis?

## B-hluti – Skyldur þínar

Hér finnurðu aðrar skyldur sem þú verður að sinna. Hvaða sérstökum skyldum þú verður að sinna í slysatryggingu sérðu í A-hluta.

### 1. Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð

Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð?

### 2. Skyldur í tengslum við iðgjaldsgreiðslu

2.1 Hvers þarft þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu?

2.2 Hvað gildir ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma?

2.3 Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?

## C-hluti – Almenn ákvæði

Hér finnurðu almenn ákvæði sem þú verður að fylgja í tengslum við slysatryggingu þína.

### 1. Byrjun tryggingarverndar

Hvenær hefst tryggingarverndin?

### 2. Skilmálaaðlögun

Hvenær getum við aðlagð ákvæði í tryggingarskilmálum þínum?

- 3. Skilgreining tryggingarársins**  
Hvernig er tryggingarárið ákveðið?
- 4. Samningslok**
  - 4.1 Hve lengi gildir samningurinn og hvenær er hægt að segja honum upp?
  - 4.2 Á hvaða forsendum er hægt að segja tryggingunni upp eftir tilkomu bótamáls?
- 5. Iðgjald við samningslok fyrir tímann**  
Hvaða greiðslu skuldar þú okkur við samningslok fyrir tímann eða ógildingu samnings?
- 6. Þýsk lög**  
Hvaða lög gilda um samning þinn?
- 7. Dómstóll með lögsögu**  
Hvar er hægt að bera fram kröfur fyrir rétti?
- 8. Fyrning**  
Hvenær fyrnast samningsbundnar kröfur samkvæmt lögum?

## Viðbætur: Starfshópaskrá

---

### A-hluti – Tryggingargreiðslur

Hér finnurðu sérstök ákvæði um einstakar greiðslur. Þú sérð sérstaklega hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilfellum bætur eru takmarkaðar eða útilokaðar. Jafnframt er lýst sérstökum hegðunarreglum sem þú verður að fylgja varðandi slysatryggingu þína (einkum skyldum þínum). Frekari skyldur, sem þú þarft að sinna, finnurðu í B-hluta.

#### 1. Forsendur greiðslu og umfang greiðslu

##### 1.1 Hvað er tryggt?

###### (1) Meginregla

Við bjóðum umsamda tryggingarvernd við slys sem hinn tryggði verður fyrir.

###### (2) Gildissvið

Tryggingarverndin gildir meðan samningurinn er virkur

- um allan heim og
- allan sólarhringinn.

###### (3) Slyshugtakið

Það telst slys ef hinn tryggði bíður

- óviljandi heilsutjón vegna
- skyndilegs atburðar (slystilvik) sem verkar utan frá á líkama hans.

###### (4) Víkkað slyshugtak

### (a) Aukin áreynsla

Það telst einnig slys ef aukin áreynsla hins tryggða veldur því að

- liðir útlíma eða hryggs toгна, snúast eða fara úr liði.  
*Dæmi: Hinn tryggði styður við þungan hlut og toagnar við það í olnbogaliðnum eða hann fer úr liði.*
- vöðvar, sinar, liðbönd eða belgir útlíma eða hryggs toгна eða rifna.  
*Dæmi: Við armlyftu toгна vöðvar í framhandlegg hins tryggða.*

Liðþófar í hné og hrygg eru hvorki vöðvar, sinar, liðbönd né belgir. Þess vegna nær þetta ákvæði ekki til þeirra.

Aukin áreynsla er hreyfing með vöðvaátaki sem er meira en í venjulegum aðgerðum daglegs lífs. Mat vöðvaátaks miðast við líkamlegt ásigkomulag hins tryggða.

### (b) Tryggingarvernd við stórmaurabit

Tryggingaraverndin tekur líka til smits sem berst með stórmaurum (Ixodidae)). Þá gilda efirfarandi sérreglur.

#### aa) Sérreglur um tryggingarhæfar bótategundir og endurmat örorku

Um bótategundirnar örorkubætur, slysaörorkubætur, bættar biðtímabætur og dánarbætur og einnig um endurmat örorku gildir að frestirnir sem þar eru nefndir hefjast ekki við slysið (stórmaursbit), heldur fyrst við fyrstu greiningu læknis á smitinu.

#### bb) Sérreglur um gjalddaga bóta við örorku

Áður en læknismeðferð er lokið er hægt að krefjast örorkubóta innan eins árs frá fyrstu smitgreiningu læknis (í stað innan eins árs frá slysi) aðeins allt að hæð umsaminnar upphæðar við fráfall.

### c) Tryggingarvernd við bólusetningartjón

Tryggingaraverndin tekur líka til bólusetningartjóns vegna bólusetningar gegn sýkingum. Bólusetningartjón er heilsubrestur sem fer fram úr venjulegum viðbrögðum við bólusetningu. Bólusetning gildir sem slystilvik í skilningi málgreinar 3.

### (5) Takmörkun greiðsluskyldu okkar

Fyrir tiltekin slys og heilsubresti getum við ekki greitt neinar eða aðeins takmarkaðar bætur. Gætið þess vegna að ákvæðum um áhrif sjúkdóma og heilsubresta (sjá tölulið 2.1) og um útilokanir (sjá tölulið 2.2).

## 1.2 Hvaða tegundir bóta er hægt að semja um?

### Hvaða frestir og aðrar forsendur gilda um einstakar bótategundir?

Hér á eftir lýsum við mismunandi bótategundum og forsendum þeirra. Alltaf gilda aðeins þær bótategundir og tryggingarupphæðir sem þú hefur samið um við okkur og eru tilgreindar í tryggingarskírteini þínu og viðbætum þess.

### 1.2.1 Örorkubætur

## **(1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu**

### **(a) Öroroka**

Hinn tryggði hefur orðið fyrir öroroku.

Öroroka liggur fyrir ef

- andleg eða líkamleg hæfni skerðist
- varanlega

vegna slyssins.

Skerðing telst varanleg ef

- hún varir fyrirstjáanlega lengur en þrjú ár og
  - ekki eru líkur á að ástandið breytist.
- Dæmi: Skerðing er ekki varanleg ef hinn tryggði verður fyrir beinbroti sem grær að fullu innan árs án afleiðinga.*

### **b) Tilkoma og staðfesting læknis á öroroku**

Örorokan er innan 24 mánaða eftir slysið

- komin fram og
- hefur verið skriflega staðfest af lækni.

Ef önnur þessara forsendna er ekki uppfyllt gildir ekki réttur til örorkubóta.

### **c) Örorkubótum haldið fram**

Þú verður að halda fram örorkubótum innan 24 mánaða eftir slysið. Að halda fram merkir: Þú tilkynnir okkur að þú gerir ráð fyrir öroroku. Ef þú virðir ekki þennan frest er krafan um örorkubætur útilokuð.

Aðeins í sérstökum undantekningartilfellum er hægt að afsaka að þú hafir ekki virt frestinn.

*Dæmi: Við slysið hlaust þú alvarlega höfuðáverka og varst því ekki fær um að hafa samband við okkur.*

### **d) Ekkert tilkall til örorkubóta við fráfall vegna slyss innan árs**

Ef hinn tryggði fellur frá vegna slyssins innan eins árs eftir slysið gildir engin krafa um örorkubætur. Í þessu tilviki greiðum við dánarbætur (sjá tölulið 1.2.6) ef samið var um þær.

## **(2) Tegund og hæð tryggingargreiðslu**

### **a) Útreikningur örorkubóta**

Þú færð örorkubæturnar sem eingreiðslu.

Útreikningur bóta byggist á

- umsaminni tryggingarupphæð og
- örorkustigi vegna slyssins.

*Dæmi: Ef tryggingarupphæðin er 100.000 EUR og örorkustig vegna slyssins er 20 prósent greiðum við 20.000 EUR.*

## **b) Mat örorkustigs, tímabil fyrir matið**

Örorkustig er matið

- samkvæmt útlímamati (sjá tölulið 1.2.1 málsgrein 2 b) aa), ef viðkomandi líkamshlutar eða skynfæri eru tilgreind þar,
- annars eftir því í hve miklu umfangi eðlileg líkamleg eða andleg færni er varanlega skert (sjá tölulið 1.2.1 málsgrein 2 b) bb).

Miðað er við heilbrigðisástand af völdum slyssins sem er greinanlegt í síðasta lagi í lok þriðja árs eftir slysið. Þetta gildir bæði fyrir fyrstu og síðari mælingar örorkunnar (sjá tölulið 5.2).

### **aa) Útlímaskrá**

Við missi eða fulla óstarfhæfni eftirtalinna líkamshluta og skynfæra gilda einungis eftirfarandi örorkustig:

Handleggur	70%
Handleggur fyrir ofan olnboga	65%
Handleggur fyrir neðan olnboga	60%
Hönd	55%
Þumalfingur	20%
Vísifingur	10%
Annar fingur	5%
Fótleggur ofan við mitt læri	70%
Fótleggur að miðju læri	60%
Fótleggur fyrir neðan hné	50%
Fótleggur að miðjum kálfa	45%
Fótur (við ökkla)	40%
Stóratá	5%
Önnur tá	2%
Auga	50%
Heyrn á öðru eyra	30%
Lyktarskyn	10%
Bragðskyn	5%

Við missi að hluta eða skerta starfshæfni að hluta gildir samsvarandi prósentustig tilgreinds örorkustigs.

*Dæmi: Ef handleggur er að fullu óstarfhæfur er örorkustigið 70 prósent. Ef hann er skertur um tíunda hluta starfshæfninnar er örorkustigið 7 prósent (= tíundi hluti af 70 prósentum).*

### **bb) Mat utan útlímaskrár**

Fyrir aðra líkamshluta og skynfæri er örorkustig mælt eftir því að hve miklu leyti eðlileg líkamleg eða andleg hæfni er varanlega skert í heild. Miðað er við jafngamlan meðaleinstakling af sama kyni. Matið fer eingöngu fram samkvæmt læknisfræðilegum sjónarmiðum.

### c) Lækkun vegna fyrri örorku

Fyrri örorka er fyrir hendi ef viðkomandi líkamshlutar eða skynfæri voru þegar varanlega skert fyrir slysið. Hún er mæld samkvæmt tölulíð 1.2.1 málsgrein 2 b) aa) og bb). Örorkustigið lækkar um þessa fyrri örorku.

*Dæmi: Ef handleggur er að fullu óstarfhæfur er örorkustigið 70 prósent. Ef hann var þegar skertur um tíunda hluta starfshæfni sinnar fyrir slysið er fyrri örorka 7 prósent (= tíundi hluti af 70 prósentum). Þessi 7 prósent fyrri örorku eru dregin frá. Eftir stendur 63 prósent örorkustig af völdum slyssins.*

### d) Örorkustig við skerðingu fleiri en eins líkamshluta eða skynfæra

Við slys geta fleiri en einn líkamshluti eða skynfæri skaddast. Þá eru örorkustigin, sem reiknuð voru samkvæmt undanfarandi ákvæðum, lögð saman. Ekki er þó tekið tillit til meira en 100 prósent.

*Dæmi: Handleggur er að fullu óstarfhæfur vegna slyss (70 prósent) og fótleggur skertur um helming starfshæfni sinnar (35 prósent). Þótt samanlögð örorkustig nemi 105 prósentum er örorkan takmörkuð við 100 prósent.*

### e) Auknar bætur frá tilteknu örorkustigi

Leiði slys samkvæmt þessum ákvæðum og samkvæmt tölulíð 2.1 til örorku hins tryggða fyrir lok 60. aldursárs sem nemur

- frá 35 til undir 70 prósentum greiðum við tvöfaldar örorkubætur,
- að lágmarki 70 prósentum greiðum við fimmfaldar örorkubætur.

Miðað er við aldur hins tryggða þegar slysið átti sér stað.

Viðbótargreiðslan takmarkast fyrir hvern hinn tryggða í hverju slysi við í mesta lagi 1.000.000 EUR. Ef í gildi eru aðrar tryggingar fyrir hinn tryggða með fimmföldum eða fjórföldum hámarksörorkubótum hjá Allianz Versicherungs-AG, þá gildir hámarksupphæðin fyrir allar tryggingar samanlagt.

### f) Örorkubætur við fráfall hins tryggða

Falli hinn tryggði frá áður en örorkumat fór fram greiðum við örorkubætur með eftirfarandi skilyrðum:

- Hinn tryggði hefur ekki fallið frá af völdum slyssins innan fyrsta árs eftir slysið (sjá tölulíð 1.2.1 málsgrein 1 d) eða af hvaða orsök sem er síðar en einu ári eftir slysið og
- önnur skilyrði fyrir örorkubótum samkvæmt tölulíð 1.2.1 málsgrein 1 eru uppfyllt.

Við greiðum samkvæmt því örorkustigi sem hefði mátt búast við á grundvelli læknaskýrslna.

## 1.2.2 Slysaörorkubætur

### **(1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu**

Örorkustigið af völdum slyssins nemur að minnsta kosti

- 50% við slys fyrir lok 60. aldursárs eða
- 70% við slys eftir lok 60. aldursárs

Um forsendur og mat örorku gilda ákvæði töluliðar 1.2.1 málsgrein 1 og málsgrein 2 b) til d). Falli hinn tryggði frá áður en örorkumat fer fram gildir töluliður 1.2.1 málsgrein 2 f).

### **(2) Tegund og hæð tryggingargreiðslu**

Við greiðum slysaörorkubætur mánaðarlega í hæð umsaminnar tryggingarupphæðar.

### **3) Byrjun og tímalengd tryggingargreiðslu**

a) Við greiðum slysaörorkubætur

- afturvirkir frá byrjun mánaðarins þegar slysið varð og eftir það
- mánaðarlega fyrir fram.

b) Við greiðum slysaörorkubætur til loka sjötta mánaðar eftir fráfall hins tryggða. Slysaörorkubótum lýkur ennfremur í lok þess mánaðar þegar við tilkynnum þér að með nýrri mælingu samkvæmt tölulið 5.2 hafi örorkustig vegna slyssins lækkað niður fyrir 50 eða 70 prósent. .

Okkur er heimilt að sannreyna forsendur lífeyrisgreiðslanna með því að krefjast lífsvottorða. Verði vottorð ekki sent umsvifalaust falla lífeyrisgreiðslurnar niður frá og með næsta gjalddaga.

c) Falli hinn tryggði frá eftir að lífeyrisgreiðsla hefst skal fráfall hans tilkynnt okkur tafarlaust.

### **(4) Hagnaðarhlutdeild með stöðugum lífeyrisgreiðslum**

#### **a) Uppruni hagnaðarhlutdeildar.**

Til að tryggja bótageiðslurnar reiknum við með 4% ávöxtun. Ef raunverulegar fjármagnstekjur eru hærrí en þessir reikningsvextir njóta bótaþegarnir arðsins sem af því hlýst í formi hagnaðarhlutdeildar.

#### **b) Fyrirkomulag hagnaðarhlutdeildar.**

Hagnaðarhlutdeild fer þannig fram að yfirstandandi bótakrafa er hækkuð. Hækkuð bótakrafa er tryggð í áunninni hæð hverju sinni. Hækkun fer í fyrsta lagi þá fram, þegar bætur hafa verið þegar í minnst eitt ár.

#### **c) Hæð hagnaðarhlutdeildar**

Við könnum árlega hvort hagnaðurinn sem varð á reikningsárinu og fé í varasjóði til iðgjaldsendurgreiðslu réttlæti hækkun yfirstandandi bótakrafna. Eftir tillögu ábyrgs tryggingafræðings tekur stjórn okkar árlega ákvörðun um hvort og í hvaða hæð yfirstandandi bótakröfur eru hækkaðar og birtir hana í ársskýrslu fyrirtækisins. Ef til hækunar kemur greiðum við hækkaðar bætur frá 1. janúar viðskiptaársins eftir könnunina. Við tilkynnum þér um hækkaða lífeyriskröfu.



#### **d) Tekjur**

Við notum að minnsta kosti 70% vaxtatekna af lífeyrisgreiðsluvarasjóðunum – að frádregnum þeim hluta sem miðað við útreiknaða ávöxtun þarf til þegar viðurkenndra bótagreiðslna – til hagnaðarhlutdeildar lífeyrisþega. Vaxtatekjurnar sem notaðar eru til hagnaðarhlutdeildar lífeyrisþega leggjum við í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu eða færum þær einstökum lífeyrisþegum til tekna sem hækkaðar lífeyriskröfur. Féð sem lagt er í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu megum við yfirleitt eingöngu nota til hagnaðarhlutdeildar lífeyrisþega.

### **1.2.3 Betri biðtímabætur**

#### **(1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu**

a) Eðlileg líkamleg eða andleg starfshæfni hins tryggða er skert vegna slyssins

- á atvinnusviði eða utan þess
- án áhrifa sjúkdóma eða heilsubrestra
- um 100 prósent (fyrsta stig) eða
- um minnst 50 prósent (annað stig).

Skerðingin stendur yfir óslitið frá slysdegi

- lengur þrjá mánuði (fyrsta stig) eða
- lengur en sex mánuði (annað stig).

b) Þú verður að halda skerðingunni fram á fyrsta stigi í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir að slysið varð og á öðru stigi í síðasta lagi sjö mánuðum eftir að slysið varð með því að leggja fram læknisvottorð. Að halda fram merkir: Þú tilkynnir okkur að þú gerir ráð fyrir skerðingu í meira en þrjá eða sex mánuði. Aðeins í sérstökum undantekningartilfellum er hægt að afsaka að þú hafir ekki virt frestinn.

*Dæmi: Við slysið hlaust þú alvarlega höfuðáverka og varst því ekki fær um að hafa samband við okkur.*

#### **b) Fyrirkomulag og hæð tryggingargreiðslu:**

Við greiðum biðtímabætur

- fyrsta stigs sem nemur helmingi umsaminnar tryggingarupphæðar,
- annars stigs sem nemur fullri umsaminni tryggingarupphæð.

Greiðslu fyrir fyrsta stig teljum við með greiðslu fyrir annað stig.

### **1.2.4 Dagpeningar**

#### **(1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu**

Vegna slyssins hefur hinn tryggði

- skerta hæfni til vinnu og
- er í lækni meðferð.

## **(2) Hæð og tímalengd greiðslu**

Grundvöllur fyrir útreikning greiðslu er

- umsamin tryggingarupphæð og
- skerðingarstig vinnufærni vegna slyssins.

Skerðingarstigið er metið

- eftir færni hins tryggða til að halda áfram starfinu sem hann/hún stundaði uns slysið varð
- eða eftir almennri færni hins tryggða til vinnu ef hann/hún var ekki í starfi þegar slysið varð.

Dagpeningunum er stigskipt í samræmi við skerðingarstigið.

*Dæmi: Ef skerðingarstig vinnusfærninnar er 100 prósent greiðum við umsamda dagpeninga í fullri hæð. Ef skerðingarstigið staðfest af lækni er 50 prósent greiðum við helming dagpeninganna.*

Við greiðum dagpeningana meðan lækni meðferð stendur yfir, lengst í eitt ár talið frá slysdegi.

### **1.2.5 Sjúkrahúsdagpeningar**

#### **(1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu**

Hinn tryggði

- dvelst vegna slyssins í lækni-fræðilega nauðsynlegri lækningameðferð á sjúkrahúsi eða
- gengst vegna slyssins undir göngudeildaraðgerð sem fer fram með svæfingu eða staðdeyfingu minnst eins heils útlíms.

Heilsubótardvöl og dvöl á heilsuhælum og hressingarheimilum teljast ekki lækni-fræðilega nauðsynlegar lækningameðferðir.

#### **(2) Hæð og tímalengd greiðslu**

Við greiðum umsamda sjúkrahúsdagpeninga, lengst í fimm ár frá slysdegi

- fyrir hvern almanaksdag sjúkrahúsméðferðarinnar frá 4. almanaksdegi sjúkrahúsméðferðarinnar í tvöfaldri hæð.
- fyrir þrjá daga við göngudeildaraðgerðir.
- aukalega fyrir hvern almanaksdag sem fylgdarmaður dvelur á sjúkrahúsinu ef tryggða barnið var ekki orðið fullra 14 ára þegar slysið varð (rooming in).

### **1.2.6 Dánarbætur**

#### **(1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu**

Hinn tryggði fellur frá af völdum slyssins innan eins árs eftir slysið. Gættu þá að hegðunarreglum samkvæmt tölulíð 3.1.

#### **(2) Fyrirkomulag og hæð tryggingargreiðslu**

Við greiðum dánarbætur sem eru jafnháar og umsamin tryggingarupphæð.

### 1.2.7 Kostnaður við lýtaaðgerðir

#### (1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu

Hinn tryggði hefur gengist undir lýtaaðgerð í þeim tilgangi að bæta úr útlitsgöllum af völdum slyssins.

Tannviðgerðir og gervitennur við missi eða skemmd tanna af völdum slyssins gilda einnig innan ramma lækningameðferðar sem lýtalækningar.

Lýtaaðgerðin er gerð

- af lækni
- eftir lok lækningameðferðar og
- á fullorðnum innan þriggja ára eftir slysið, á ólögráða einstaklingum fyrir lok 21. aldursárs.

Forsenda er einnig að þriðji aðili (t.d. sjúkratryggingar, ábyrgðarskyldutryggingar) sé ekki bótaskyldur eða neiti bótaskyldu sinni.

#### (2) Fyrirkomulag og hæð tryggingargreiðslu

Við greiðum bætur fyrir sannaðan

- lækningakostnað og annan aðgerðarkostnað
- nauðsynlegan kostnað fyrir dvöl og fæði á sjúkrahúsi og
- kostnað við tannviðgerðir og gervitennur,

sem þriðji aðili greiðir ekki, allt að hæð umsaminnar tryggingarupphæðar.

Ef fleiri en ein slysatrygging eru í gildi fyrir hinn tryggða hjá Allianz tryggingum hf er aðeins hægt að krefjast kostnaðar fyrir lýtaaðgerðir úr einum þeirra samninga.

### 1.2.8 Kostnaður við leitar- og björgunaraðgerðir

#### (1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu

Eftir slys hefur orðið til kostnaður fyrir hinn tryggða

- fyrir leitar- eða björgunaraðgerðir björgunarsveita hins opinbera eða einkaaðila,
- fyrir flutning hins slasaða að fyrirmælum lækni á sjúkrahús eða sérhæft sjúkrahús eða
- fyrir aukakostnað við heimferð hins slasaða þangað sem hann býr að staðaldri, ef aukakostnaðurinn hlýst af fyrirmælum lækni eða var óumflýjanlegur vegna eðlis meiðslanna, eða við fráfall af slysförum fyrir kostnað við flutning þangað sem hinn látni bjó síðast að staðaldri.

Það jafngildir slysi ef slysið var beinlínis yfirvofandi eða aðstæður bentu í raun til að það yrði.

Forsenda er einnig að þriðji aðili (t.d. sjúkratryggingar, ábyrgðarskyldutryggingar) sé

ekki bótaskyldur eða neiti bótaskyldu sinni.

## **(2) Fyrirkomulag og hæð tryggingargreiðslu**

Við greiðum samtals bætur fyrir sannaðan kostnað, sem þriðji aðili greiðir ekki, allt að hæð umsaminnar tryggingarupphæðar.

Ef fleiri en ein slysatrygging eru í gildi fyrir hinn tryggða hjá Allianz tryggingum hf er aðeins hægt að krefjast kostnaðar úr einum þeirra samninga.

### **1.2.9 Fjölskyldubætur**

Nýir makar og börn hins tryggða sem bætast við njóta einnig tryggingarverndar um takmarkaðan tíma.

#### **(1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu og tímalengd fjölskyldubóta**

Við giftingu eða fæðingu eða ættleiðingu ólögráða barns gildir tryggingavernd samkvæmt þessum samningi.

Fjölskyldubæturnar gilda í þrjá mánuði eftir giftingu eða fæðingu eða ættleiðingu. Ef þú tilkynnir okkur um giftingu eða fæðingu eða ættleiðingu innan þessara þriggja mánaða framlengist tryggingarverndin

- fyrir maka um aðra þrjá í samtals sex mánuði
- fyrir börn um aðra níu í samtals tólf mánuði.

Ef fleiri en ein slysatrygging eru í gildi fyrir hinn tryggða hjá Allianz tryggingum hf greiðum við fjölskyldubætur aðeins úr einum þeirra samninga.

#### **(2) Fyrirkomulag og hæð tryggingargreiðslu**

Fyrir fjölskyldubætur gilda eftirfarandi tryggingargreiðslur og tryggingarupphæðir:

- Örorkubætur: 60.000 EUR  
Ákvæði um auknar bætur frá tilteknu örorkustigi (sjá tölulíð 1.2.1 málsgrein 2 e) gilda ekki um þetta.
- Dánarbætur fyrir maka: 12.000 EUR
- Dánarbætur fyrir börn: 6.000 EUR

### **1.2.10 Iðgjaldslausn við fráfall tryggingartaka**

#### **(1) Forsendur fyrir tryggingargreiðslu**

Þú sem tryggingartaki hefur

- tryggt barn samkvæmt barnataxta
- fellur frá fyrir lok tryggingarársins þegar barnið sem er tryggt verður fullra 18 ára,
- samningnum hefur á þeim tíma ekki verið sagt upp og
- samningurinn hefur þá gilt í að minnsta kosti eitt ár. Þessi ársfrestur á ekki við ef þú fellur frá af völdum slyss í skilningi þessa samnings eftir að samningurinn hefur tekið gildi.

## (2) Fyrirkomulag og hæð tryggingargreiðslu

Við iðgjaldslausn innum við eftirfarandi af hendi:

- við höldum slysatryggingunni áfram í sama umfangi og áður,
- iðgjaldsgreiðslu lýkur frá næsta gjalddaga eftir fráfallsdaginn og
- tryggingarverndin gildir til loka tryggingarársins þegar barnið sem er tryggt verður fullra 18 ára.

Auk þess gildir eftirfarandi:

- aðlögun tryggingarupphæða og iðgjalds samkvæmt ákvæðum um vöxt (sjá tölulið 6) er hætt.
- tryggingartaki verður eftirlifandi maki þess sem áður var tryggingartaki nema þú hafir samið um annað.

## 2. Útilokun greiðslu og takmörkun greiðslu

### 2.1 Hvað gerist ef afleiðingar slyss blandast sjúkdómum eða heilsubrestum?

#### (1) Sjúkdómar og heilsubrestir

Við greiðum eingöngu bætur fyrir afleiðingar slyss. Það eru heilsutjón og afleiðingar þess sem orsökduðust af slystilvikinu. Við greiðum ekki fyrir sjúkdóma eða heilsubresti.

*Dæmi: Sjúkdómar eru t.d. sykursýki eða veikindi í liðum; heilsubrestir eru t.d. hryggskekkja eða meðfædd sinastytting.*

#### (2) Hliðaráhrif

Ef afleiðingar slyss blandast sjúkdómum eða heilsubrestum gildir eftirfarandi:

a) Í samræmi við umfang hliðaráhrifa sjúkdóma eða heilsubrestra á heilsutjónið og afleiðingar þess (hliðaráhrifaþátt)

- lækkar prósentustig örorkustigsins í bótaþáttunum örorkubótum og slysaörorkubótum,
- lækka bæturnar sjálfar ef um dánarbætur er að ræða og í öllum öðrum bótaþáttum ef annað er ekki ákveðið.

*Dæmi: Örorkustig eftir slys á fótlegg er 10 prósent. Hliðaráhrif gigtar á það eru 60 prósent. Örorkustig vegna slyssins er því 4 prósent.*

b) Ef hliðaráhrifaþátturinn nemur minna en 50 prósentum kemur þó ekki til lækkunar.

### 2.2 Hvað er ekki tryggt?

#### (1) Útilokuð slys

Fyrir eftirtalin slys gildir engin tryggingarvernd:

a) Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna eða vitundartruflana ef þær eru

- vegna ölvunar og slysið varð við stjórn ökutækis með minnst 1,1 prómill áfengisnagn í blóði eða
- vegna neyslu annarra fíkniefna eða vímuefna.

Vitundartruflun liggur fyrir ef skynjunar- og viðbragðsfærni hins tryggða er svo skert að hann/hún getur ekki lengur brugðist eðlilega við hættuástandi sem skapast.

*Dæmi: Hinn tryggði*

- *reynir vegna fíkniefnaneyslu að halda jafnvægi á handriði og dettur,*
- *ekur út af vegi undir áhrifum áfengis með 1,4 prómill í blóði.*

b) Slyss sem hinn tryggði verður fyrir vegna þess að hann fremur afbrot af ráðnum hug eða reynir það.

c) Slyss sem verða beint eða óbeint af völdum stríðs- eða borgarastríðsatvika.

Undantekning:

Hinn tryggði verður óvænt fyrir barðinu á stríðs- eða borgarastríðsatvikum á ferðalagi erlendis.

Í þessu tilviki gildir útilokunin ekki.

Tryggingarverndin fellur þá niður við lok sjöunda dags frá byrjun stríðs eða borgarastríðs á landsvæði ríkisins þar sem hinn tryggði dvelst.

Þessi undantekning gildir ekki

- um ferðir til eða um ríki þar sem þegar geisar stríð eða borgarastríð,
- fyrir virka þátttöku í stríði eða borgarastríði
- fyrir slyss af völdum kjarna-, sýkla- eða efnavopna.

Í þessum tilvikum gildir útilokunin.

d) Slyss sem hinn tryggði verður fyrir

- sem stjórnandi loftfars eða flugíþróttatækis ef hann þarf til þess leyfi samkvæmt þýskum lögum,  
*Dæmi: Flugmaður, svífvængs- eða svífdrekaflugmaður.*
- sem annar í áhöfn loftfars,  
*Dæmi: Loftskammtamaður, vélamaður um borð, flugfreyja.*
- við starf sem vinna þarf með hjálp loftfars,  
*Dæmi: Loftmyndasmiður, úðaflug til meindýravarna.*

e) Slyss sem hinn tryggði verður fyrir við þátttöku í kappakstri vélknúinna ökutækja. Þátttakendur eru sérhver ökumaður, aðstoðarökumaður eða farþegi vélknúna ökutækisins. Kappakstur er veðakstur eða tilheyrandi æfingaakstur þar sem máli skiptir að ná hámarkshraða.

f) Slys sem stafa beinlínis eða óbeinlínis af kjarnorku

## (2) Útilokuð heilsutjón

Engin tryggingarvernd gildir þar að auki fyrir eftirfarandi heilsutjón:

a) Skaði á hryggþófum, svo og innvortis blæðingar og heilablæðingar.

### Undantekning:

- Slystilvik samkvæmt tölulið 1.1 málsgrein 3 orsakaði aðallega (þ.e. um meira en 50 prósent) þessi heilsutjón og
- fyrir þetta slystilvik gildir tryggingarvernd samkvæmt þessum samningi.

Í þessu tilviki gildir útilokunin ekki.

b) Heilsutjón vegna geislunar.

c) Heilsutjón vegna lækningaráðstafana eða aðgerða á líkama hins tryggða. Geislun til greiningar eða meðferðar telst einnig lækningaráðstöfun.

### Undantekning:

- Lækningaráðstafanirnar eða aðgerðirnar voru gerðar vegna slyss og
- fyrir þetta slystilvik gildir tryggingarvernd samkvæmt þessum samningi.

Í þessu tilviki gildir útilokunin ekki.

*Dæmi: Hinn tryggði verður fyrir slysi og fer í lækni meðferð vegna slysa verkanna. Mistök í meðferð valda við það frekara tjóni.*

d) Sýkingar.

### Undantekning:

Hinn tryggði smitast

- af hundaæði eða stífkrampa,
- af öðrum sýklum sem bárust inn í líkamann með slysa verkum sem voru ekki bara minni háttar. Minni háttar eru slysa verkar sem þurfa ekki lækni meðferð án sýkingarinnar og afleiðinga hennar.
- með lækningaráðstöfunum eða aðgerðum sem tryggingarvernd gildir fyrir vegna undantekningar (sjá tölulið 2.2 málsgrein 2 c),
- með stórmaurabiti samkvæmt tölulið 1.1 málsgrein 4 b).

Í þessum tilvikum gildir útilokunin ekki.

e) Eitranir af matvælum.

f) Sjúklegar truflanir vegna sálrænna viðbragða, einnig þótt þau séu af völdum slyss.

*Dæmi:*

- Áfallastreituröskun eftir beinbrot í umferðarslysi.
- Óttaköst fórnarlamb glæps.

### 3. Skyldur þínar

#### 3.1 Hvers ber að gæta eftir slys (skyldur)?

Ákvæði um fresti og aðrar forsendur fyrir einstaka bótaþætti eru í tölulið 1.2. Hér á eftir lýsum við hegðunarreglum (skyldum). Þú eða hinn tryggði verðið að gæta að þeim eftir slys því án þátttöku ykkar getum við ekki greitt bætur.

##### (1) Kallað á lækni

Eftir slys, sem vænta má að valdi tryggingargreiðslu, verður þú eða hinn tryggði tafarlaust að kalla til lækni, fylgja fyrirmælum hans og láta okkur vita.

##### (2) Upplýsingar um bótamál

Allar upplýsingar, sem við biðjum þig eða hinn tryggða um, verður að veita sannleikanum samkvæmt, undandráttafrelst og tafarlaust.

##### (3) Rannsóknir lækna

Við kveðjum til lækna ef það er nauðsynlegt til að sannreyna bótaskyldu okkar. Hinn tryggði verður að láta þessa lækna skoða sig. Við berum nauðsynlegan kostnað og tekjutap sem hlýst af rannsókninni..

##### (4) Upplýsingar lækna

Til að sannreyna bótaskyldu okkar þurfum við hugsanlega upplýsingar frá

- læknum sem hafa annast eða skoðað hinn tryggða fyrir eða eftir slysið,
- öðrum tryggingjendum, váttryggingjendum og stjórnvöldum.

Þú eða hinn tryggði verðið að gera okkur kleift að fá nauðsynlegar upplýsingar. Til þess getur hinn tryggði gefið læknum og ofangreindum aðilum heimild til að veita okkur upplýsingarnar beint. Annars getur hinn tryggði náð sjálf(ur) í upplýsingarnar og fengið okkur þær.

##### (5) Tilkynning um fráfall vegna afleiðinga slyss

Leiði slysið til fráfalls hins tryggða ber að tilkynna okkur það innan 48 klukkustunda. Ef það er nauðsynlegt til að sannreyna bótaskyldu okkar ber að veita okkur rétt til þess að láta lækni - tilkvaddan af okkur - framkvæma krufningu.

#### 3.2 Hvaða réttaráhrif hefur það að uppfylla ekki skyldur?

Ef þú vanrækir skyldu getur það leitt til þess að við verðum ekki bótaskyld eða aðeins að hluta. Í einstökum atriðum gildir:

- Ef þú vanrækir skylduna af ráðnum hug erum við ekki bótaskyld.
- Ef þú vanrækir skylduna af vítaverðu gáleysi er okkur heimilt að skerða tryggingargreiðsluna. Skerðingin fer eftir því hve alvarleg vanrækslan var. Hún getur hugsanlega leitt til þess að krafan tapist að fullu. Ef þú sannar að



ekki hafi verið um vítavert gáleysi að ræða skerðum við ekki tryggingargreiðsluna.

Jafnvel þó fyrir liggi vanræksla af ráðnum hug eða vítaverðu gáleysi erum við bótaskyld ef þú sannar okkur að vanrækslan

- hafi hvorki valdið tilkomu eða viðurkenningu bótamálsins
- né viðurkenningu eða umfangi bótaskyldu okkar.

Þetta gildir ekki ef þú vanræktir skylduna af sviksamlegum hug.

## **4. Aðlögun tryggingarverndar í lok 18. eða 60. aldursárs og við breytingar á starfi**

### **4.1 Hvers þarftu að gæta þegar samið var um barnataxta?**

#### **(1) Umbreyting í fullorðinstaxta**

Við lok tryggingarársins þegar barnið verður fullra 18 ára breytum við tryggingunni yfir á fullorðinstaxtann sem gildi við samningsgerðina. Þú átt þá eftirfarandi valrétt:

- Þú greiðir sama iðgjald og áður og við breytum tryggingarupphæðunum í samræmi við það eða
- þú heldur sömu tryggingarupphæðum og áður og við reiknum þér iðgjald í samræmi við það.

#### **(2) Valréttur**

Við upplýsum þig um valrétt þinn í tæka tíð. Ef þú hefur ekki valið neitt í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir upphaf nýs tryggingarárs höldum við tryggingunni áfram með breyttum tryggingarupphæðum.

### **4.2 Hvers þarftu að gæta við lok. 60. aldursárs?**

#### **(1) Umbreyting í taxta fyrir einstaklinga frá 60 ára aldri**

Við lok tryggingarársins þegar hinn tryggði verður fullra 60 ára breytum við tryggingunni yfir á taxtann sem gildi við samningsgerðina fyrir einstaklinga frá 60 ára aldri. Ef samningstími til fleiri en eins árs er enn fyrir hendi á þeim tíma gildir þetta fyrst eftir umsamin samningslok. Þú átt þá eftirfarandi valrétt:

- Þú greiðir sama iðgjald og áður og við breytum tryggingarupphæðunum í samræmi við það eða
- þú heldur sömu tryggingarupphæðum og áður og við reiknum þér iðgjald í samræmi við það.

#### **(2) Valréttur**

Við upplýsum þig um valrétt þinn í tæka tíð. Ef þú hefur ekki valið neitt í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir upphaf nýs tryggingarárs höldum við tryggingunni áfram með breyttum tryggingarupphæðum.

### **4.3 Hvers þarftu að gæta þegar breytt er um starf eða iðju?**

Hæð iðgjaldsins er fer að miklu leyti eftir starfi eða iðju hins tryggða. Grundvöllur ákvörðunar iðgjalds er starfshópaskráin sem gildir fyrir samning þinn, sjá um það viðbættinn við þessa tryggingarskilmála.

### **(1) Tilkynning um breytingu**

Breytingu á starfi eða iðju hins tryggða verður þú að tilkynna okkur tafarlaust. Sjálfboðaliðaherþjónusta, hernaðarlegar varaliðsæfingar og tímabundin sjálfboðaliðafélagsþjónusta ( t.d. Sjálfboðaliðapjónusta ríkisins) teljast ekki til þess.

### **(2) Áhrif breytingarinnar**

Reiknist lægri tryggingarupphæðir við nýtt starf eða iðju samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir samninginn með óbreyttum iðgjöldum gilda þær þegar tveir mánuðir eru liðnir frá breytingunni.

Reiknist hins vegar hærri tryggingarupphæðir gilda þær strax og tilkynning þín berst okkur, í síðasta lagi þó eftir lok eins mánaðar frá breytingunni.

Endurútreiknuðu tryggingarupphæðirnar gilda einnig fyrir vinnuslys og slys utan vinnu.

Ef þú óskar þess höldum við tryggingunni einnig áfram með fyrri tryggingarupphæðum með lækkuðu eða hækkuðu iðgjaldi strax og yfirlýsing þín berst okkur.

## **5. Gjald dagar greiðslna okkar og endurmat örorkustigs**

### **5.1 Hvenær falla greiðslur í gjalddaga?**

Við innum greiðslur okkar af hendi eftir að við höfum lokið könnunum sem eru nauðsynlegar til að staðfesta bótamálið og umfang greiðsluskyldu okkar. Um það gildir eftirfarandi:

#### **(1) Yfirlýsing um greiðsluskyldu**

Okkur er skylt að lýsa yfir því í textaformi innan eins mánaðar hvort og í hvaða umfangi við viðurkennum bótaskyldu okkar. Fyrir örorkubætur og slysaörorkubætur er fresturinn þrjú mánuðir.

Frestirnir byrja þegar okkur berast eftirfarandi gögn:

- sönnun um atvik slyssins og afleiðingar þess,
- við örorkubótakröfur og slysbætur auk þess sönnun um lok lækningameðferðar ef það er nauðsynlegt til að meta örorkustigið.

Gætið í þessu sambandi einnig að hegðunarreglum samkvæmt tölulið 3.1.

Lækniskostnað, sem þú þarft að greiða til að rökstyðja bótakröfuna, yfirtökum við

- við örorkubætur upp að 1 prómilli tryggingarupphæðarinnar,
- við slysaörorkubætur upp að 10 prósentum mánaðarlífeyris,
- við biðtímabætur upp að 1 prósentu tryggingarupphæðarinnar,
- við dagpeninga og sjúkrahúsdagpeninga upp að einu daggjaldi í hvoru tilviki.

- við kostnað við lýtaaðgerðir og einnig við leitar- og björgunaraðgerðir upp að 1 prósentu tryggingarupphæðar í hvoru tilviki.

Annan kostnað tökum við ekki á okkur.

## **(2) Gjaldþagi tryggingargreiðslu**

Ef við viðurkennum kröfuna eða höfum orðið ásátt við þig um ástæðu og upphæð greiðum við innan tveggja vikna.

## **(3) Fyrirframgreiðslur**

Hafi aðeins ástæða bótaskyldunnar verið ákveðin greiðum við - ef þú óskar þess - hæfilega fyrirframgreiðslu.

*Dæmi: Það er ákveðið að þú færð örorkubætur frá okkur. Enn er þó ekki hægt að ákveða hæð greiðslunnar.*

Fyrir lok lækningameðferðar er aðeins hægt að krefjast örorkubóta innan eins árs eftir slysið sem nema allt að hæð umsaminna dánarbóta.

## **5.2 Hvenær er hægt að endurmeta örorkuna?**

Eftir mat örorkustigs geta orðið breytingar á heilsufarsástandinu.

Þú og við höfum rétt til þess að láta mæla örorkuna lækisfræðilega á ný árlega. Þennan rétt hefur þú og við í lengsta lagi í allt að þrjú ár eftir slysið. Fyrir börn fram að lokum 14. aldursárs lengist þessi frestur úr þremur árum í fimm ár.

Ef við óskum eftir nýju mati tilkynnum við þér það með yfirlýsingunni um greiðsluskyldu okkar.

Ef þú óskar eftir nýju mati verður þú að tilkynna það fyrir lok frestsins.

Leiði endanleg mæling af sér hærri örorkubætur en við höfum þegar greitt ber að greiða 5 prósent vexti á ári af mismuninum.

## **6. Vaxandi aðlögun tryggingargreiðslna og iðgjalds**

### **Hvernig eru greiðslur og iðgjöld aðlöguð (vöxtur)?**

Hér á eftir finnurðu upplýsingar um það hvernig tryggingargreiðslur og iðgjöld slysatryggingar þínar eru aðlöguð ef þú hefur samið við okkur um slysatryggingu með vaxandi aðlögun tryggingargreiðslna og iðgjalds (vöxtur). Hvort þú hefur samið um það við okkur geturðu séð í tryggingarskírteininu þínu.

### **(1) Umfang hækkunar**

Við hækkum eingöngu tryggingarupphæðir bótategundanna örorkubætur, slysaörorkubætur, bættar biðtímabætur, dagpeningar, sjúkrahúsdagpeningar og dánarbætur í hverju tilviki um sama prósentustig og hámarksíðgjald fyrir lögskipaða lífeyristryggingu fastráðinna starfsmanna er hækkað, minnst þó um 5 prósent. Hver hækkun fer fram í byrjun tryggingarársins sem fer á eftir viðmiðunardegi fyrir hækkun hámarksíðgjaldsins eða fer saman við hann.

### **(2) Jöfnun tryggingarupphæða**

Þá eru tryggingarupphæðirnar jafnaðar sem hér segir:

- fyrir örorku- og dánarbætur í heilar 1.000 EUR,
- fyrir biðtímabætur í heilar 100 EUR,
- fyrir slysaörorkubætur í heilar 10 EUR,
- fyrir sjúkrahúsdagpeninga og dagpeninga í heilar EUR.

### **(3) Gildi hækkaðra tryggingarupphæða**

Hækkaðar tryggingarupphæðir gilda fyrir öll bótamál sem koma upp eftir hækkunardaginn.

### **(4) Hækkun iðgjalds**

Iðgjaldið fyrir nýju tryggingarupphæðirnar reiknast samkvæmt gjaldskrá sem gildir við samningsgerð.

### **(5) Tilkynning um hækkun, andmæli**

Áður en til hækunar kemur færð þú skriflega tilkynningu um hækkunina. Ekki kemur til hækunarinnar ef þú andmælir skriflega innan sex vikna frá tilkynningu okkar. Við munum benda þér á þennan frest.

### **(6) Afturköllun vaxtar**

Þú og við getum líka afturkallað þetta vaxtarsamkomulag fyrir það sem eftir lifir af samningstímanum. Afturköllunin verður að fara fram skriflega í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir lok tryggingarársins.

## **7. Önnur ákvæði**

### **Hvernig er réttarstaða samningsaðila innbyrðis?**

#### **(1) Trygging annars aðila**

Þú einn sem tryggingartaki hefur rétt til að nýta réttindin samkvæmt þessum samningi. Það gildir einnig ef tryggingin er tekin gegn slysum sem annar verður fyrir (trygging annars aðila). Viðgreiðum tryggingargreiðslur samkvæmt samningnum einnig þá til þín ef þú varðst ekki fyrir slysinu heldur annar tryggður einstaklingur. Ásamt hinum tryggða ert þú ábyrgur fyrir að skyldur séu uppfylltar.

#### **(2) Löglegur arftaki og aðrir kröfuhafar**

Öllum ákvæðum, sem gilda fyrir þig, ber að beita við löglegan arftaka þinn og aðra kröfuhafa eftir því sem við á.

#### **(3) Framsal og veðsetning krafna**

Kröfur úr tryggingasamningnum er hvorki hægt að framselja né veðsetja án samþykkis okkar fyrir gjalddaga.

#### **(4) Bótaþegaréttur**

Veiting og afturköllun bótaþegaréttar gilda hvað okkur varðar aðeins og fyrst þá ef þú hefur tilkynnt okkur um það skriflega meðan hinn tryggði var á lífi.

---

## **B-hluti – Skyldur þínar**

Hér finnurðu aðrar skyldur sem þú verður að sinna. Hvaða sérstökum skyldum þú verður að sinna í slysátryggingu sérðu í A-hluta.

## 1. Tilkynningaskylda fyrir samningsgerð

### Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð?

#### (1) Tilkynningaskylda

##### a) Viðfang tilkynningaskyldu

Fram að afhendingu samningsyfirlýsingar þinnar ber þér skylda til þess að tilkynna okkur sannleikanum samkvæmt og undandrátarlaust um allar aðstæður sem skipta máli fyrir áhættumat, sem þér eru kunnar og við höfum spurt um í textaformi. Þær aðstæður skipta máli fyrir áhættumat sem skipta máli við ákvörðun okkar um að gera samninginn yfirleitt eða með umsömdu efni.

Tilkynningaskyldan gildir einnig um spurningar um aðstæður sem skipta máli fyrir áhættumat sem við spyrjum þig í textaformi eftir samningsyfirlýsingu þína en fyrir samningssamþykki.

##### b) Eignun vitneskju þriðju aðila

Ef annar aðili svarar fyrir þig spurningum um aðstæður, sem hafa áhrif á áhættu, verða vitneskja og sviksemi þess aðila eignaðar þér.

#### (2) Óhagstæð réttaráhrif brota gegn tilkynningaskyldu

##### a) Réttindi okkar við brot gegn tilkynningaskyldu

Afleiðingar brots gegn tilkynningaskyldu koma fram í §§ 19 til 22 í tryggingasamningalögum (VVG). Á þeim forsendum sem þar eru tilgreindar getum við

- rift samningnum,
- verið laus undan greiðsluskyldu,
- sagt samningnum upp,
- breytt samningnum eða
- vefengt samninginn vegna sviksamlegrar blekkingar.

Réttindi okkar til riftunar, uppsagnar eða samningsbreytingar gilda aðeins ef við höfum bent þér á afleiðingar brota gegn tilkynningaskyldu með sérstakri tilkynningu í textaformi.

##### b) Frestur til að nýta rétt okkar

Réttur okkar til riftunar, uppsagnar og til samningsbreytingar fellur niður ef meira en 5 ár eru liðin frá samningsgerð. Það gildir ekki ef við fáum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldu vegna bótamáls sem kom upp fyrir lok þessa frests. Fresturinn samkvæmt setningu 1 er 10 ár ef þú hefur brotið gegn tilkynningaskyldunni af ásettu ráði eða sviksamlega.

Réttur okkar til vefengingar vegna sviksamlegrar blekkingar fellur niður ef liðin eru 10 ár frá samningsyfirlýsingu þinni.

### **(3) Uppsagnarréttur þinn við samningsbreytingu**

Ef við hækkum iðgjaldið um meira en 10 prósent við samningsbreytingu eða útilokum váttryggingu fyrir aðstæður sem voru ekki tilkynntar getur þú sagt samningnum upp samkvæmt § 19, málsgrein 6, í tryggingasamningalögum (VVG).

### **(4) Víkkun tryggingarverndar**

Málsgreinar 1 til 3 gilda eftir því sem við á ef tryggingarverndin er víkkuð eftir á og ný áhættukönnun er því nauðsynleg.

### **(5) Skriftarformskrafa**

Nýting réttar til riftunar, uppsagnar, vefengingar eða samningsbreytingar þarf að vera með skriflegum hætti. Tölvupóstur uppfyllir kröfuna um skriftarform ef hægt er að sannreyna hver sendandinn er.

## **2. Skyldur í tengslum við iðgjaldsgreiðslu**

### **2.1 Hvers þarft þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu?**

#### **(1) Greiðslutímabil**

Iðgjaldið af tryggingu þinni verður þú að greiða með eingreiðslu eða með iðgjöldum jafnóðum í samræmi við umsamið greiðslutímabil. Eftir því hvernig samið er getur greiðslutímabil þá verið einn mánuður, ársfjórðungur, hálf ár eða eitt ár. Við tilgreinum það í tryggingarskírteininu.

Iðgjöldin eru reiknuð út í samræmi við umsamin greiðslutímabil. Tryggingartímabilið (§ 12 í tryggingarsamningalögum - VVG) samsvarar þannig umsömdu greiðslutímabili.

#### **(2) Gjaldldagi tryggingariðgjalda**

##### **a) Fyrsta eða einstakt iðgjald**

Fyrsta eða einstakt iðgjald skal greiða tafarlaust eftir gerð samningsins. Ef þú hefur samið við okkur um að tryggingarvernd skuli byrja seinna gjaldfellur iðgjaldið fyrst á þeim tíma.

##### **b) Framhaldsiðgjöld**

Framhaldsiðgjöld gjaldfalla fyrsta dag hvers mánaðar umsamins greiðslutímabils ef ekki er samið um annað.

#### **(3) Greiðsla á réttum tíma**

Iðgjald er greitt á réttum tíma ef þú gerir tafarlaust allt á gjalddaga til þess að iðgjaldið berist okkur. Ef samið er um greiðslu með skuldfærslu (sjá málsgrein 5) er iðgjaldsgreiðslan á réttum tíma ef

- við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga og
- reikningseigandinn mótmælir ekki réttmætri innheimtu.

Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald, og þú átt ekki sök á því, er greiðslan þá líka á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum krafist þig um greiðslu í textaformi (til dæmis bréfi, faxi, tölvupósti).

#### **(4) Sendingaráhætta**

Sending iðgjaldsins fer fram á þína ábyrgð og á þinn kostnað.

#### **(5) Greiðsla með skuldfærslu**

##### **a) SEPA-skuldfærsluumboð (sameiginlegt greiðslusvæði Evrópu).**

Ef innheimta á iðgjaldið af reikningi (skuldfærsla) verður að veita okkur SEPA-skuldfærsluumboð til þess.

##### **b) Mánaðarleg iðgjöld**

Mánaðarleg iðgjöld verður að greiða með skuldfærslu.

##### **c) Afleiðingar árangurslausrar skuldfærsluinnheimtu**

Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald og þú berð ábyrgð á því

- getum við framvegis krafist þess að greiðslur fari fram utan skuldfærslukerfisins;
- höfum við rétt til þess að breyta mánaðarlegu greiðslutímabili í ársfjórðungslegt greiðslutímabil.

Að öðru leyti gilda ákvæði um vanskil (sjá töluliði 2.2 og 2.3).

### **2.2 Hvað gildir ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma?**

#### **(1) Tryggingarvernd stofnað í hættu**

Byrjun tryggingarverndar er háð því að iðgjald sé greitt á réttum tíma (sjá C hluta, tölulið 1). Ef þú greiðir fyrsta iðgjald ekki á réttum tíma í skilningi töluliðar 2.1 málsgreinar 2 a) og málsgreinar 3, hefst tryggingarverndin því fyrst frá þeim tíma sem þú greiðir iðgjaldið.

Okkur er ekki skylt að greiða fyrir bótamál sem koma upp í millitíðinni, nema þú sannir okkur að brottfall greiðslu sé ekki þín sök.

Við getum aðeins nýtt rétt okkar til að greiða ekki ef við höfum bent þér á þessi réttaráhrif þess að greiða ekki iðgjaldið með sérstakri tilkynningu í textaformi (til dæmis bréfi, faxi, tölvupósti) eða áberandi ábendingu í tryggingarskírteininu.

#### **(2) Riftunarréttur okkar**

Ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma getum við rift samningnum svo lengi sem iðgjaldið hefur ekki borist okkur. Riftunarrétturinn er útilokaður ef þú sannar að brottfall greiðslu var ekki þín sök.

### **2.3 Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?**

#### **(1) Vanskil**

Ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma í skilningi töluliðar 2.1 málsgreinar 2 b) og málsgreinar 3 lendirðu í vanskilum án þess að þú fáið aðra greiðsluáskorun. Við höfum rétt til þess að krefjast bóta fyrir tjónið sem við verðum fyrir vanskilanna.

#### **(2) Setning gjaldfrests**

Ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma getum við sett þér gjaldfrest í textaformi (til dæmis bréfi, faxi, tölvupósti) á þinn kostnað. Greiðslufresturinn verður

að vera minnst tvær vikur. Ákvæðið er aðeins virkt ef við tilgreinum vanskilaupphæðina, vexti og kostnað í einstökum liðum og bendum á réttaráhrifin sem tengjast lokum frestsins samkvæmt málsgreinum 3 til 5.

### **(3) Engin tryggingarvernd við lok frests án árangurs**

Fyrir bótamál sem koma upp eftir settan gjaldfrest gildir engin tryggingarvernd ef

- þú ert enn í vanskilum með greiðslu iðgjalds, vaxta eða kostnaðar þegar bótamálið kemur upp og
- við höfum þegar bent þér á þessi réttaráhrif um leið og fresturinn var settur.

### **(4) Uppsagnarréttur okkar við lok frests án árangurs**

Ef þú ert enn í vanskilum með iðgjöld, vexti eða kostnað þegar settur gjaldfrestur er liðinn getum við sagt samningnum upp án þess að gæta uppsagnarfrests. Forsenda er að við höfum þegar bent þér á þessi réttaráhrif um leið og fresturinn var settur. Við getum lýst yfir uppsögn þegar um leið og fresturinn er settur. Ef þú ert enn í vanskilum með greiðslu iðgjalds, vaxta eða kostnaðar við lok frestsins tekur uppsögnin þá sjálfkrafa gildi. Við uppsögn bendum við þér skýrt á það.

### **(5) Áframhald samnings ef þú greiðir upphæð til innheimtu eftir á**

Uppsögn okkar fellur úr gildi og samningurinn gildir áfram ef þú greiðir upphæðina sem er til innheimtu eftir á innan eins mánaðar. Mánaðarfresturinn hefst með uppsögninni eða, ef uppsögnin var þegar tengd frestinum, við lok gjaldfrestsins. Fyrir bótamál sem koma upp milli loka gjaldfrestsins og greiðslu eftir á gildir þó engin tryggingarvernd.

## **C-hluti – Almenn ákvæði**

Hér finnurðu almenn ákvæði sem þú verður að fylgja í tengslum við slysatryggingu þína.

### **1. Byrjun tryggingarverndar**

#### **Hvenær hefst tryggingarverndin?**

##### **(1) Grundvallarregla**

Tryggingarverndin hefst á umsömdum tíma ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi B hluta, töluliðar 2.1 málsgreinar 2 a). Ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma hefst tryggingarverndin því fyrst á þeim tíma þegar þú greiðir iðgjaldið (sjá B hluta, tölulið 2.2 málsgrein 1). Við greiðum ekki fyrir bótamál sem koma upp fyrir upphaf tryggingarverndarinnar.

##### **(2) Víkkun tryggingarverndar**

Ef þú víkkar tryggingarverndina eftir á gildir málsgrein 1 einnig um þá víkkun tryggingarverndarinnar.

## **2. Skilmálaaðlögun**

#### **Hvenær getum við aðlagð ákvæði í tryggingarskilmálum þínum?**



## **(1) Ógilding ákvæðis**

Ef ákvæði í almennu tryggingarskilmálunum er lýst ógilt

- samkvæmt úrskurði æðsta dómstigs eða
- samkvæmt gildri stjórnsluaðgerð

höfum rétt til þess að breyta viðkomandi ákvæði í tryggingarskilmálum þínum, bæta við það eða setja annað í stað þess.

Þetta gildir einnig ef úrskurður dómstóla eða stjórnvalda beinist gegn öðru fyrirtæki. Forsenda er að ákvæðið, sem var lýst ógilt, hafi sama meginefni og ákvæði í tryggingarskilmálum þínum. Aðlögun er aðeins leyfileg ef forsendurnar sem lýst er í eftirfarandi málsgreinum eru til staðar.

## **(2) Ákvæði sem aðlaga má**

Við getum aðeins aðlagað ákvæði sem snerta eitt eftirfarandi atriða:

- forsendur tryggingargreiðslu;
- umfang tryggingargreiðslu;
- útilokun tryggingargreiðslu eða takmörkun tryggingargreiðslu;
- skyldur sem þú verður að sinna eftir samningsgerð;
- aðlögun iðgjalds þíns;
- samningstími;
- uppsögn samningsins.

## **(3) Uppbótarlaus ógilding ákvæðis má ekki þjóna hagsmunum**

Forsenda aðlögunarinnar er

- að í lagalegu fyrirmælunum felist ekkert raunhæft ákvæði sem nota megi til að fylla í samningseyðuna sem verður til við ógildinguna (sjá málsgrein 1) og
- að uppbótarlaus ógilding ákvæðisins sé ekki hæfileg lausn sem þjóni dæmigerðum hagsmunum samningsaðila.

## **(4) Efni nýja ákvæðisins**

Aðlögunin fer fram eftir reglum um hliðstæða samningstúlkun. Það merkir að í stað ógilta ákvæðisins kemur ákvæði sem samningsaðilar hefðu valið sem hæfilega lausn sem þjónaði dæmigerðum hagsmunum þeirra, hefði þeim verið kunnugt um ógilingu ákvæðisins á þeim tíma þegar samningurinn var gerður.

## **(5) Aðlögun skilmálanna framkvæmd**

Við tilkynnum þér um aðlöguð ákvæði í textaformi (til dæmis bréfi, faxi, tölvupósti) og skýrum þau. Þau teljast samþykkt ef þú andmælir ekki innan sex vikna eftir að tilkynningin berst þér. Andmæli þín verða að vera í textaformi. Í tilkynningu okkar bendum við þér skýrt á andmælarétt þinn. Til að virða tímamörkin nægir að þú sendir andmæli þín innan frestsins. Ef þú andmælir innan tilgreinds frests tekur aðlögunin ekki gildi.

## **(6) Uppsagnarréttur okkar ef þú andmælir**

Ef þú andmælir aðlögun skilmálanna (sjá málsgrein 5) getum við sagt samningnum upp ef það er óaðgengilegt fyrir okkur að halda samningnum áfram án aðlögunar. Við verðum að lýsa yfir uppsögn okkar skriflega innan sex vikna eftir að andmæli þín hafa borist okkur og þá með 8 vikna fyrirvara í lok mánaðar.

### **3. Skilgreining tryggingarársins**

#### **Hvernig er tryggingarárið ákveðið?**

Tryggingarárið nær yfir tólf mánaða tímabil. Ef umsaminn samningstími nær ekki aðeins yfir heil ár er fyrsta tryggingarárið stytt í samræmi við það. Eftirfarandi tryggingarár til umsamina samningsloka ná hvert yfir heilt ár. Umsaminn samningstíma geturðu séð í tryggingarskírteininu.

### **4. Samningslok**

#### **4.1 Hve lengi gildir samningurinn og hvenær er hægt að segja honum upp?**

##### **(1) Samningstími**

Samningurinn er gerður fyrir tímabilið sem tilgreint er í tryggingarskírteininu.

##### **(2) Þegjandi samkomulag um framlengingu samnings og uppsögn**

Ef samningstíminn er minnst eitt ár framlengist samningurinn um eitt ár í senn ef hvorki þú né við segjum samningnum upp. Uppsögnin þarf að berast samningsaðilanum í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir lok umsamins samningstíma eða hvers árs sem á eftir fer.

##### **(3) Uppsögn ef samningstíminn er lengri en þrjú ár**

Ef umsaminn samningstími er lengri en þrjú ár getur þú sagt samningnum upp við lok þriðja ársins eða hvers árs sem á eftir fer. Uppsögnin verður að berast okkur í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir lok þriðja ársins eða hvers árs sem á eftir fer.

##### **(4) Skrifleg uppsögn**

Uppsögn samkvæmt þessum ákvæðum skal vera í skriftarformi. Uppsögn með tölvupósti fullnægir kröfu um skriftarform ef hægt er að sannreyna hver sendandinn er.

#### **4.2 Á hvaða forsendum er hægt að segja tryggingunni upp eftir tilkomu bótamáls?**

##### **(1) Uppsagnarréttur**

Þú eða við getum lokið samningnum með uppsögn ef við höfum innt tryggingargreiðslu af hendi eða þú hefur lagt fram kæru gegn okkur til að fá tryggingargreiðslu.

##### **(2) Uppsagnaryfirlýsing**

Uppsögnin verður að hafa borist samningsaðilanum í síðasta lagi einum mánuði eftir tryggingargreiðslu eða - ef um málarekstur er að ræða - eftir að honum hefur borist tilkynning um afturköllun kæru, viðurkenningu, sátt eða gildistöku dóms. Uppsögn samkvæmt þessum ákvæðum skal vera í skriftarformi. Uppsögn með tölvupósti fullnægir kröfu um skriftarform ef hægt er að sannreyna hver sendandinn er.

### **(3) Gildistaka uppsagnar**

Ef þú segir upp tekur uppsögnin gildi jafnskjótt og hún hefur borist okkur. Þú getur þó ákveðið að uppsögn þín taki gildi síðar en þó í síðasta lagi í lok yfirstandandi tryggingarárs. Uppsögn af okkar hálfu tekur gildi einum mánuði eftir að hún hefur borist þér.

## **5. Iðgjald við samningslok fyrir tímann**

### **Hvaða greiðslu skuldar þú okkur við samningslok fyrir tímann eða ógildingu samnings?**

Ljúki samningnum fyrir tímann, getum við - ef lög kveða ekki á um annað - aðeins krafist þess hluta iðgjaldsins, sem samsvarar því tímabili þegar tryggingarvernd var í gildi.

Undantekning gildir einkum við ef við riftum samningnum vegna brots á tilkynningaskyldu þinni eða vefengjum hann vegna sviksamlegra blekkinga. Í þessum tilvikum verður þú að greiða iðgjaldið til þess tíma þegar uppsagnar- eða vefengingaryfirlýsing okkar berst þér.

Ef við riftum samningnum vegna þess að þú greiddir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma getum við krafist hæfilegrar umsýsluþóknunar.

## **6. Þýsk lög**

### **Hvaða lög gilda um samning þinn?**

Um samning þinn gilda þýsk lög.

## **7. Dómstóll með lögsögu**

### **Hvar er hægt að bera fram kröfur fyrir rétti?**

#### **(1) Dómstóll með lögsögu ef þú berð fram kæru gegn okkur**

Þú getur borið fram kæru sem byggir á tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni fyrir dómstóli sem hefur lögsögu þar sem aðalstöðvar okkar eru eða útibú sem sér um samning þinn.

Þú getur líka borið fram kæru fyrir dómstóli sem hefur lögsögu þar sem þú hefur lögheimili þegar málið er höfðað, eða venjulegt aðsetur ef lögheimili er ekkert. Ef tryggingartakinn er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð) eða réttarhæft sameignarfélag (til dæmis opið verslunarfélag eða samlagsfélag) ákvarðast dómbær dómstóll af aðsetri aðalstöðva þess.

Ef fleiri varnarþing eru til lögum samkvæmt, sem ekki er hægt að útiloka með samningum, getur þú einnig lagt fram kæru þar.

#### **(2) Dómstóll með lögsögu ef við berum fram kæru gegn þér**

##### **a) Lögheimili þitt eða aðsetur aðalstöva er okkur kunnugt**

Ef við berum fram kæru gegn þér byggða á tryggingarsamningnum er aðeins sá dómstóll dómbær sem hefur lögsögu þar sem þú hefur lögheimili þegar málið er höfðað, eða venjulegt aðsetur ef lögheimili er ekkert. Ef tryggingartakinn er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð) eða réttarhæft sameignarfélag (til dæmis opið verslunarfélag eða samlagsfélag) ákvarðast dómbær dómstóll af aðsetri aðalstöðva þess.

#### **b) Lögheimili þitt eða aðsetur aðalstöva er okkur ekki kunnugt**

Ef hvorki er kunnugt um lögheimili þitt né venjulegt aðsetur þegar málið er höfðað getum við lagt fram kæru fyrir dómstóli með lögsögu þar sem aðalstöðvar okkar eru eða útibúið sem sér um samning þinn. Þetta gildir samsvarandi ef tryggingartakinn er lögaðili eða réttarhæft sameignarfélag og aðsetur aðalstöðva hans er óþekkt.

#### **(3) Dómstóll með lögsögu ef þú býrð utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss**

Ef þú flytur lögheimili þitt til ríkis utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss getur þú og einnig við eingöngu lagt fram kæru vegna tryggingarsamningsins eða tryggingarmiðlunarinnar fyrir dómstólnum sem hefur lögsögu þar sem aðalstöðvar okkar eru.

#### **(4) Dómstóll með lögsögu ef skaðlegt tilvik kemur til erlendis**

Ef þú átt lögheimili, venjulegt aðsetur eða aðalstöðvar í Þýskalandi við samningsgerð og tryggt skaðlegt tilvik kemur til erlendis er aðeins hægt að bera fram kærur í þessu samhengi fyrir þýskum dómstóli.

Hvaða þýskur dómstóll hefur lögsögu fer eftir því hvort þú átt lögheimili, venjulegt aðsetur eða aðalstöðvar í Þýskalandi þegar kæran er borin fram. Ef svo er koma þýskir dómstólar með lögsögu fram í málsgreinum 1 og 2. Ef þú átt ekki lögheimili, venjulegt aðsetur eða aðalstöðvar í Þýskalandi þegar kæran er borin fram er hægt að bera fram kærur fyrir dómstólnum sem hefur lögsögu þar sem aðalstöðvar okkar eru. Ef fleiri varnarþing eru til lögum samkvæmt, sem ekki er hægt að útiloka með samningum, getur þú einnig lagt fram kæru þar.

## **8. Fyrning**

### **Hvenær fyrnast samningsbundnar kröfur samkvæmt lögum?**

#### **(1) Fyrningarfrestur og viðeigandi lagaákvæði**

Kröfurnar úr samningnum fyrnast á 3 árum samkvæmt § 195 borgaralegrar lögbókar (BGB). Kveðið er á um einstök atriði varðandi byrjun, tímalengd og hlé fyrningar í §§ 195 til 213 borgaralegrar lögbókar (BGB).

#### **(2) Frestun fyrningar meðan á greiðslukönnun stendur**

Þegar krafa úr samningnum hefur verið tilkynnt okkur frestast fyrning hennar þangað til ákvörðun okkar hefur borist þér eða kröfuhafanum í textaformi (til dæmis bréfi, faxi eða tölvupósti).

## **Viðbætur: Starfshópaskrá**

**Áhættuhópur A.** Einstaklingar í verslunar- eða stjórnunarstörfum inni eða úti, við stjórn eða eftirlit í fyrirtæki eða á byggingarstöðum, starfa í búð, á rannsóknarstofu, í heilbrigðisgeiranum eða á snyrtistofu.

**Áhættuhópur B.** Einstaklingar í líkamlegri vinnu eða handiðnaði eða vinna með ætandi, eitruð, eldfim eða sprengifim efni. Einstaka líkamleg störf eða handiðnaður falla í áhættuhóp A.

Ef starf er eingögu við verslun / stjórn / eftirlit gildir áhættuhópur A. Ef störf í áhættuhópum A og B eru stunduð samkvæmt áætlun eða reglulega, sem sagt ekki aðeins sem undantekning, gildir áhættuhópur B.

**(Ábending: Af ritstjórnarástæðum er karlkyn notað í eftirfarandi töflu. Taflan gildir hliðstætt fyrir kvenkynið.)**

### **Í áhættuhóp A eru einkum eftirfarandi og sambærileg störf**

Arkitekt, atvinnurekandi, auglýsingafagmaður,  
baðvörður, bankafulltrúi, blaðamaður, blómaskreytingamaður, bókhaldari,  
bráðataeknir, burðarþolsfræðingur, byggingateiknari, byggingaverkfræðingur,  
diplóm-verkfræðingur, dómari, dreifingarstjóri, dyravörður, dýrafræðingur,  
eðlisfræðingur, eftirlaunabegi, eignaráðgjafi, ellihjúkrunarmaður, ellilífeyrisþegi,  
endurskoðandi,  
fararstjóri, fasteignasali, ferðakaupmaður, félagsfræðingur, félagsráðgjafi,  
fjarskiptarafeindavirki, fjárfestingarráðgjafi, fjármálabókhaldari,  
flugvéla verkfræðingur, flutningamaður, flutningamiðlari, forlagskaupmaður,  
forritari, fréttamaður, fulltrúi, fyrirtækjaráðgjafi,  
geðlæknir, gjaldkeri, grafískur hönnuður, gullsmiður,  
hárgreiðslumaður, háskólakennari, háskólanemi, heildsali, heilsuráðgjafi,  
heimavinnandi maður, hjúkrunarfræðingur, hnykkilæknir, hótelfagmaður,  
hótelkaupmaður, hótelstjóri,  
iðnrekstrarfræðingur, innanhússarkitekt, innri endurskoðandi,  
kaupmaður, kennaranemi, kennari, kerfisfræðingur, klæðskeri,  
lagerstjóri, landbúnaðarverkfræðingur, landmælingamaður, leikari, leikstjóri,  
listamaður, listmálari, ljósmyndari, lyfsali, læknir, lögbókunarstarfsmaður,  
lögbókandi, lögmaður,  
miðlari, móttökustarfsmaður, myndasmiður, myndaumbrotsmaður, mælingatæknir,  
nuddari,  
orkurafeindavirki,  
rafeindavirki, rafmagnsverkfræðingur, ráðsmaður leiguíbúða, ritstjóri,  
saksóknari, saumamaður, sjóntækjafraedingur, sjónvarpstæknimaður, sjúkraþjálfari,  
skartgripasali, skattaráðgjafarstarfsmaður, skattaráðgjafi, skólanemi, skrifstofufulltrúi,  
skrifstofukaupmaður, skrifstofumaður, smásölu kaupmaður, stjórnsýslustarfsmaður,  
stærðfræðingur, söludeildarstarfsmaður, söludeildarstjóri, sölumaður, sölustjóri,  
söngvari,  
tannlæknir, tannsmiður, tónlistarmaður, tryggingafulltrúi, tryggingastarfsmaður,  
tæknimaður, tæknistarfsmaður, tækniteiknari, tölvukaupmaður, tölvunarfræðingur,  
tölvunarafeindavirki,  
uppeldisfræðingur,  
úrsmiður, útvarps- og sjónvarpstæknir,

veitingafagmaður, verkfræðingur, verslunarfulltrúi, verslunarmaður, vélaverkfræðingur, viðskiptavinaráðgjafi.

## Í áhættuhóp B eru einkum eftirfarandi og sambærileg störf

Bakari, bifvélarafvirki, bifvélavirki, bílstjóri, blikksmiður, bókaprentari, bólstrari, bóndi, bréfberi, bruggmeistari, byggingarstjóri, byggingaverkamaður, dansari, danskennari, dúklagningamaður, dýragæslumaður, dýralæknir, efnafræðingur \*), efnagerðarmaður \*), efnarannsóknarstofumaður \*), efnatæknir \*), efniviðartæknir, eimreiðarstjóri, fiskimaður, fjarskiptatæknir, flísalagningamaður, flokksstjóri, flugvélasmiður, flutningaverkamaður, forvörður, garðyrkjumaður, glersmiður, gluggaþvottamaður, gólfefnalagningamaður, grindasmiður, hafnarverkamaður, háseti, hermaður, hitabúnaðarvirki, hjálpartækjasmíður, hreingerningamaður, húshreingerningamaður, húsasmiður, húsgagnasmiður, húsvörður, innanhússhönnuður, íþróttakennari, járnbindingamaður, járnsmíður, kjötiðnaðarmaður, kranastjóri, lagermaður, lakkmálari, landbúnaðarvélsmiður, langferðabílstjóri, leigubílstjóri, lestarstjóri, logsuðumaður, lögreglumaður, matsveinn, málari, málmíðnaðarmaður, málmsmíður, múrari, nákvæmnisvélvirki, námamaður, ofnasmiður, pípulagningamaður, þjátrari, póstsendingamaður, prentari, pússningarmaður, rafiðnaðarmaður, raftækniamaður, rafvirki, rannsóknarstofumaður \*), rennismiður, setjari, skemmtitækjarekandi, skipasmiður, skipasmíðaverkamaður, skipstjóri, skógarvinnumaður, skógarvörður, skósmíður, slátrari, slökkviliðsmaður, sorphreinsunarmaður, sótari, steinlagningamaður, steinsmiður, strætisvagnastjóri, söluökumaður, trésmíður, uppþvottamaður, útstillingamaður, vaktmaður, vaktstjóri, veggfóðrari, veitingamaður, verkamaður, verkfærasmiður, verkstjóri, verkstæðisformaður, vélamaður, vélarafeindavirki, vélauppsetningamaður, vélsmiður, vélvirki, vínbóndi, vínyrkjumaður, ýtustjóri, þakasmíður, þjálfari, þjónn, ökukennari,

\*) ef ekki er unnið með ætandi, eitruð, eldfim eða sprengifim efni gildir áhættuhópur A.

**Einnig ber að athuga: Störfin / iðjan atvinnuþróttamaður, tamningamaður, dýraþjálfari og flugáhafnir fela í sér sérstaka áhættu og falla hvorki í áhættuhóp A né B. Að skipta yfir í þessi störf / iðju felur í sér áhættuaukningu sem krefst sérstakrar gjaldskrárflokkunar. Þetta gildir einnig ef störf / iðjan eru stunduð sem „aukavinna.“**